

LOTHAR GRUND
1923-2023 | 100 ÁR

Leikmyndagerð á Íslandi

Sýning í Þjóðarbókhöðu — opnuð 2. nóvember 2023

LOTHAR GRUND
1923-2023 | 100 ÁR

Höfundur sýningar:

Sigríður Jónsdóttir

Hönnun sýningar og sýningarskrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Ljósmyndir:

Framan á kápu er teikning Lothars af baksviði úr *Kysstu mig Kata* fyrir Þjóðleikhúsið 1958.

Aftan á kápu er mynd úr *Rínargullinu*, farandsýningu sem var hugsuð fyrir nemendur í skólum, en aldrei sýnd hér á landi.

Mynd á síðu 4 er úr einkasafni.

Mynd á síðu 5: Anna og Lothar á brúðkaupsdaginn. Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Pétur Thomsen.

Mynd á síðu 13: *Lokaðar dyr*. Þjóðleikhúsið 1954. Ljósmynd frá Þjóðleikhúsi/Sigurhans Vignir.

Aðrar ljósmyndir af verkum Lothars tók Helgi Braga fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Sérstakar þakkir:

Aðstandendur Lothars Grund

Hönnunarsafn Íslands

Leikfélag Reykjavíkur

Ljósmyndasafn Íslands

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Þjóðleikhúsið

Þýska sendiráðið

Prentun skrár:

Litróf

Prentun sýningar:

Sýningakerfi

Útgefandi:

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2023

ISBN 978-9935-434-26-5

LOTHAR GRUND

1923-2023 | 100 ÁR

Leikmyndagerð á Íslandi

Sýning í Þjóðarbókhöllu
opnuð 2. nóvember 2023

LOTHAR GRUND

Lothar Grund var fæddur í Schwerin í Þýskalandi 22. október 1923. Árið 1950 flutti Lothar til Íslands í leit að nýjum tækifærum. Stuttu seinna kynntist hann leikkonunni Önnu Þorbjörgu Halldórsdóttur, þau giftust 25. júlí 1952 og eignuðust þrjá syni: Pétur Adolf Garðar, Atla Halldór og Alfreð. Fjölskyldan flutti til Þýskalands í lok sjötta áratugarins og settist að í Hamborg. Lothar lést 15. nóvember 1995.



Lothar Grund. Mynd úr einkasafni.

Í leikskránni fyrir *Aumingja Hönnu* hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar, sem var frumsýnd í október 1951 og var eitt af fyrstu leikhúsverkefnum Lothars á Íslandi, stendur um listamanninn:

Hóf nám sitt við Ríkisleikhúsið í Lübeck árið 1941 og lauk þar prófi í búninga- og leiktjaldagerð, ásamt leiksviðsútbúnaði árið 1947. En 1943-1945 var hann hermaður. Að námi loknu starfaði hann sem gestur við ýmis leikhús í Þýskalandi, svo sem Óperuhúsið í Westfalen, í Lübeck og víðar. M. a. hefur hann gert tjöld og búninga við þessar óperur: *Rakarinn í Sevilla*, *Traubadore* (Il trovatore), *Carmen*, *Tiefland* o.fl.

Svo ítarleg kynning á Lothar í leikskránni gæti hafa verið hugsuð sem einskonaferilskrá fyrir ungan, óþekktan og erlendan listamann á Íslandi, því greinin heldur áfram:

Lothar Grund fékk snemma áhuga fyrir leikhúsinu. Níu ára gamall las hann bók um brúðuleikhús, og hreifst hann svo af henni, að hann bjó sjálfur til brúðuleikhús. Á næstu tveim árum gerði hann hvorki meira né minna en 200 brúður, og hafði brúðuleiksrýningar, en leikritin samdi hann sjálfur. Þegar hann var í menntaskóla, 14 ára gamall, fór hann í drengjakór, sem söng í óperunni. „Síðan hefur leikhúsið aldrei farið úr huga mér,“ segir Grund. Til Íslands kom Grund árið 1950, og er L. H. svo heppið að njóta aðstoðar þessa ágæta listamanns við uppsetningu þessa leiks. L. H. þakkar Lothar Grund vel unnin störf og væntir áframhaldandi samstarfs í framtíðinni.

Á árunum 1951-1958 vann Lothar að ríflega fimmtíu leiksviðum af öllum stærðum og gerðum fyrir fjölbreytt leikfélög, á atvinnuleiksviði og fyrir áhugauppsetningar. Metnaður, reynsla og listfengi hans höfðu ómæld áhrif á íslenska leikmynda- og búningahönnun, líklega meiri en áður hefur verið talið.

Einkaskjalasafn Lothars (LMÍ 2022/6) er varðveitt í Leikminjasafni. Í safninu eru u.þ.b. þrjú hundruð leikmynda- og búningateikningar. Í safninu má sömu-leiðis finna umtalsvert magn af teikningum og klippimyndum sem tengjast hugmyndavinnu hans fyrir *Rínargullið* eftir Richard Wagner, farandsýningu sem var hugsuð fyrir nemendur í skólum, en aldrei sýnd hér á landi.

LEIKMYNDAGERÐ Á ÍSLANDI

Í bók sinni *Leikmyndlist á Íslandi* fjallar Ólafur Engilbertsson ítarlega um þróun leikmyndahönnunar á landinu og fólkið sem helgaði sig listforminu. Sigurður Guðmundsson málari var þar frumkvöðull, sem og í sviðslistum almennt. Frá 1860 til 1950 tóku sviðslistir stakkaskiptum á Íslandi með fjölbreyttari efnistöfum, nýjum aðferðum og hægum skrefum í átt að atvinnuleikhúsi. Umbreytingin náði hámarki með opnun Þjóðleikhússins og nýtt tímabil gekk í garð í íslenskum sviðslistum. En þrátt fyrir framfaraskleið á sviði leiklistar, aðallega hvað varðaði leikstjórn og leik, stóð leikmynda- og búningahönnun að einhverju leyti í stað, eins og Ólafur skrifar:

Árið 1950 hafði hinsvegar ekki svo margt breyst í sviðslistum frá dögum Sigurðar. Þá, líkt og í upphafi aldarinnar, voru kröfur um raunsæjar og góðar leikmyndir í anda þess sem skáldin kváðu á um í sjónleikjum sínum.

Á þessum tíma var almennt talað um leiktjaldamálun eða leiktjaldasmiði ekki hönnun, enda voru sviðsmyndir málaðar á tjöld sem notuð voru sem bakgrunnur. Búningar voru annað hvort endurnotaðir úr öðrum uppsetningum eða fengnir að láni. Tekist var á um tilgang og fagurfræði leiktjalda innan listamannastéttarinnar og á blaðsíðum dagblaðanna, almennt var talið að leikmyndir ættu ekki að vera of áberandi eða skrautmiklar, slíkt drægi athygli frá leiknum og leikverkinu.

Íslendingar hófu að sækja sér menntun erlendis í leiktjaldamálun á árunum 1930-1950. Freymóður Jóhannsson var fyrsti sérmenntaði leiktjaldamálari landsins og Lárus Ingólfsson fylgdi í kjölfarið. Á eftir þeim komu Finnur Kristinsson, Sigfús Halldórsson og Magnús Pálsson. Listamennirnir sem komu að hönnun leikmynda báru mörg starfsheiti á þessum tíma eins og leiktjaldamálari, leiktjaldateiknari og leiktjaldasmiður.



Brúkaupsmynd af Önnu og Lothar Grund, 25. júlí 1952.

Listamaður gat verið skrifaður fyrir hönnun leiktjalda og einnig málað eftir sínum eigin teikningum en einnig kom fyrir, sérstaklega í stærri uppsetningum, að einn aðili var titlaður leiktjaldateiknari og annar leiktjaldamálari í sömu leiksýningu. Þessi óljósa verkaskipting skapar ákveðin vandamál þegar kemur að höfundarverki og greiningu á leiksýningum, eins og endurspeglast með skýrum hætti í einkaskjalasafni Lothars.

FYRSTU SÝNINGAR LOTHARS Á ÍSLANDI OG SAMVERKAFÓLK

Það var ekkert til hjá Lothar Grund sem hét reddingar eða skipulagsleysi. Hann var harður við sjálfan sig og gerði kröfur.

– Gunnar R. Bjarnason, viðtal í *Leikmyndlist á Íslandi*.



Heilög Jóhanna, Þjóðleikhúsið 1951.

Magnús Pálsson hannaði leikmyndina, eitt af hans fyrstu stóru verkefnum. Lothars er ekki getið í leikskrá sýningarinnar en teikningar úr safni hans, sem eru merktar „Heilaga Jóhanna“ og ártalinu 1951 gefa til kynna að Lothar hafi aðstoðað við sýninguna.

Lothar Grund kom víða við á örfáum árum og samstarfsmenn voru á meðal annarra Einar Pálsson, Gunnar R. Hansen, Magnús Pálsson, Indriði Waage, Lárus Pálsson og Lárus Ingólfsson. Allir voru þeir þá eða urðu síðar áhrifamenn í íslensku leikhúsi.

Handverk Lothars sást að öllum líkindum í fyrsta skipti á Íslandi í leiksýningunni *Heilagri Jóhönnu*, sem var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu 18. mars 1951 undir leikstjórn Haraldar Björnssonar. Magnús Pálsson hannaði leikmyndina, eitt af hans fyrstu verkefnum. Lothars er ekki getið í leikskrá sýningarinnar, en teikningar úr safni Lothars, sem eru merktar „Heilaga Jóhanna“ og ártalinu 1951, gefa til kynna að Grund hafi aðstoðað við

sýninguna. Sömu sögu er að segja um *Rigoletto* í Þjóðleikhúsinu þremur mánuðum síðar í leikstjórn Simons Edwardsen. Lárus Ingólfsson hannaði leikmyndina og aftur vantar nafn Lothars í leikskrá, en fimm dagsettar teikningar merktar *Rigoletto* benda til þátttöku hans. Leiktjaldamálara eru enn í dag að mála hönnun annarra, en gera yfirleitt ekki eins nákvæmar teikningar og Lothar gerði.

Ekki er ólíklegt að fréttir af menntun og reynslu Lothars hafi borist eins og eldur um sinu um leikhús höfuðborgarsvæðisins enda fágætt sérhæfing

á þessum tíma. Danski leikstjórinn og leiktjaldateiknarinn Gunnar R. Hansen réð Lothar til starfa við sýninguna *Pi-Pa-Ki eða Söngur lútunnar* sem var frumsýnd í lðnó annan í jólum 1951, enda hafði hann í nægu að snúast sem leikstjóri, leikmynda- og búningahönnuður og tónsmiður sýningarinnar. Uppsetningin sló í gegn og markaði tímamót í sögu Leikfélags Reykjavíkur, sem margir töldu að myndi leggjast af eftir opnun Þjóðleikhússins árið 1950. Efnistökin þóttu einstaklega vel heppnuð, þá sérstaklega fagurfræði sýningarinnar sem byggð var á klassískum kínverskum teikningum. Í þetta skipti rataði Lothar í leikskrána og er titlaður leiktjaldamálari. Ein teikning hefur varðveist í safni Lothars frá þessari merkilegu sýningu.

Í lok árs 1951 virðist Lothar búinn að skapa sér gott orðspor, bæði hjá áhorfendum og sviðslistafólki. Þrátt fyrir að vera einungis skrifaður fyrir hönnun hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar, starfaði hann með fjölmörgum áhrifamönnum á þessu fyrsta ári og tók þátt í leiksýningum í þremur leikhúsum. Erfiðisvinnan átti eftir að skila sér.

BLAÐAUMFJÖLLUN OG LEIKHÚSGAGNRÝNENDUR

Tjöld Lothar Grund eru hlýleg og smekkleg.

– Loftur Guðmundsson, *Alþýðublaðið* 22. október 1952.

Umfjallanir dagblaða og tímarita eru ómetanleg heimild um störf Lothars á Íslandi, þá sérstaklega skrif leikhúsgagnrýnenda. Auðvitað eru slíkar heimildir ekki óskeikular enda er tilgangur slíkra skrifa að gefa skoðun höfundar á tilteknu listaverki. En hægt er að draga fram fagurfræði leiksýninga og möguleg áhrif með því að greina orðræðu pistlahöfunda.

Á fyrstu árunum fer frekar lítið fyrir sérstakri umfjöllun leikhúsgagnrýnenda um hönnun og er hún iðulega takmörkuð við eina til tvær setningar, eins og tilvitnunin í byrjun kaflans sýnir. En eftir því sem líða tekur á sjötta áratuginn breytast áherslur leikhúsgagnrýnenda. Pistlahöfundar byrja að tengja hönnun búninga, leikmyndar og ljósa með skýrari hætti við heildaráhrif leiksýninga.

En í tveimur atriðum hefur leikstjórannum skjátlást, öðru að visu ekki stórfeldu, en hinu því veigameira. Fyrri atriðið er að nokkurt ósamræmi er í búningum, t.d. þeirra sambíðlanna, Spettigue málfræslumanns, er **Einar Þ. Einarsson** leikur ágætlega, og Sir Francis er **Þorsteinn Ö. Stephensen** leikur. Annar með topplaga óskapnað á höfði, hinn með brenglaðan nútíma hatt, — og fleira mætti til telja. Hitt atriðið, og hið veigameira, er Sir Francis sjálfur. Verður ekki annað séð en að leikstjórinn og þó líklega fremur leikarinn, hafi kastað höndum til þessa fimmtíu og eins árs gamla sirs og hermanna, svo fráleitt er gerfi Þorsteins í þessu hlutverki, enda er þar ljóslifandi kominn fjármálaráðherra-ann úr Skóla fyrir skattgreiðendur, sem Þorsteinn lék í haust.

Sigurður Grímsson skrifar um *Frænku Charleys* hjá Leikfélagi Reykjavíkur í *Morgunblaðið* 10. apríl 1954.



Merki Leikfélags Hafnarfjarðar, Lothar hannaði.

Ásgeir Hjartarsson, leikhúsgagnrýnandi *Þjóðviljans*, fjallaði kannski einna best og ítarlegast um Lothar á tímabilinu. Sem dæmi má taka umfjöllun hans um *Kvennamál kölska* hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1955:

Sveitabragurinn norski er rómantískur og gamaldags, enda um þjóðsögu að ræða, búningarnir allrar æru verðir og leiktjöld Lothars Grund gerð af listfengi og hagsýni, landslagið fært í stílinn á fallegan og smekklegan hátt, og skrautlegra fjós hefur ekki sést í manna minnum.

– Ásgeir Hjartarson, *Þjóðviljinn* 27. apríl 1955.

Ekki komu leiksýningarnar sem Lothar hannaði alltaf vel undan umfjöllun gagnrýnenda, þá sérstaklega *Lokaðar dyr* og *Spádómurinn* í Þjóðleikhúsinu, sem fjallað verður um síðar, en pistlarnir innihalda samt sem áður gífurlega mikilvægar heimildir um störf hans og list.

LEIKFÉLAG HAFNARFJARÐAR

Fyrstu leikmyndirnar sem Lothar er skrifaður fyrir leiktjöldum, þ.e. hönnuður leiktjalda, voru gerðar fyrir Leikfélag Hafnarfjarðar, aðallega í tengslum við leiksýningar Einars Pálssonar og barnasýningar. Í Hafnarfirði vann Lothar með takmarkað fjármagn, stuttan undirbúningstíma, lítil leiksvið og leikhóp sem var aðallega samansettur af áhugafólki.



Nóttin langa, Leikfélag Hafnarfjarðar 1951. Fyrsta leiksýningin á Íslandi sem Lothar er skrifaður fyrir leiktjöldum, þ.e. hönnuður leiktjalda.

Ein af fyrstu umfjöllunum um Lothar á Íslandi birtist í *Morgunblaðinu* 10. apríl 1951, Sigurður Grímsson skrifar um *Nóttina löngu* eftir Jóhannes Steinsson:

Leiksviðið sjálft, (stofan í sumarbústað heildsalans) er mjög snoturt, en á því eru þeir annmarkar að það þrengist allmikið aftan til. Gerir það leikstjóranum erfitt mjög um eðlilegar „plaseringar“ og leikendum óhægt um frjálssar hreyfingar.

Hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar vann Lothar með tveimur ungum og upprennandi leikkonum sem áttu eftir að setja mark sitt á íslenska leiklist: Kristbjörgu Kjeld og Margréti Guðmundsdóttur.

Báðar leikkonurnar áttu eftir að vinna aftur með Lothar í Þjóðleikhúsinu, í uppsetningum sem vöktu mjög ólík viðbrögð og urðu vægast sagt misvinsælar.

Greinilegt er að Lothar var í miklum metum hjá leikfélaginu. Hann kom að allavega ellefu sýningum í Hafnarfirði, honum var líka treyst til að hanna merki leikfélagsins sem var stofnað 1936. Einnig var nafn Lothars á auglýsingum fyrir leiksýningar leikfélagsins sem gefur til kynna að leikmyndir hans hafi dregið áhorfendur sérstaklega að.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Fyrsta leiksýningin hjá Leikfélagi Reykjavíkur þar sem Lothar er einn skrifaður fyrir leiktjöldum var óperan *Miðillinn* sem var frumsýnd 15. október 1952. Enn og aftur var Einar Pálsson leikstjóri. *Miðillinn* markaði tímamót fyrir Lothar. Á næstu þremur leikárum (1952-1953, 1953-1954 og 1954-1955) kom hann að öllum sýningum leikfélagsins á einn eða annan hátt.

Í flestum tilvikum teiknaði Lothar bæði leikmynd og búninga, alls tólf leiksýningar á þremur leikárum. Einu undantekningarnar á þessu tímabili eru leiksýningarnar *Erfinginn*, *Ævintýri á gönguför* og *Vesalingarnir* í leikstjórn Gunnars R. Hansen, sem teiknaði leikmyndirnar en Lothar málaði leiktjöldin.

Leiksýningar á borð við *Skóli fyrir skattgreiðendur*, *Gimbill* og *Frænka Charleys* möluðu gull fyrir leikfélagið á þessu tímabili en því miður hafa teikningar fyrir þessar leiksýningar ekki varðveist. Farsar og fjölskyldudrama voru reglulega á dagskrá sem endurspeglast í þeim fjölda stofuteikninga sem finna má í safni Lothars, enda heimilið yfirleitt miðpunktur slíkra leikverka. Aftur á móti eru engar þeirra eins og í tilfelli *Undir heillastjörnu*. Þar teiknar Lothar mismunandi útfærslur af sömu stofunni sem undirstrikar hugmyndauðgi og vinnusemi hans.

Stundum fékk Lothar tækifæri til að stíga út fyrir raunsæið eins og teikningarnar fyrir *Nóa* og *Kvennamál kölska sýna*. Fyrir *Nóa* teiknaði Lothar fjölmargar útfærslur af örkinni, fjölskyldunni um borð og dýrunum.



Búningateikning, líklegast fyrir *Nóa*, Leikfélag Reykjavíkur 1955. Allar búningateikningarnar fyrir sýninguna eru teiknaðar á sama brúna pappírinn með sömu skyggingartækni.



Miðillinn, Leikfélag Reykjavíkur 1952.

Fundaherbergi í helvíti fékk síðan nýjar víddir í *Kvennamálum kölska*, en endanleg sviðsútgáfa beggja leiksýninga varð töluvert takmarkaðri en draumurinn á blaði.

Lothar lokaði hringnum hjá leikfélaginu í maílok 1955 með gamanleiknum *Inn og út um gluggann* sem varð síðasta verkefni hans fyrir leikfélagið. Á næsta leikári færði hann sig yfir í Þjóðleikhúsið en hélt þó áfram að vinna að smærri leiklistarverkefnum fyrir önnur félög, enda aldrei fastráðinn sem leikmyndahönnuður við íslenskt leikhús.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Með tilkomu Þjóðleikhússins, sem var opnað 1950, umbreyttist sviðslistaumhverfi þjóðarinnar. Atvinnuleikhús á Íslandi var loksins orðið að raunveruleika. Nýjum starfsvettvangi fylgdi ekki einungis starfsöryggi heldur miklu stærra leiksvið, útbúið nýrri tækni og áður ómögulegir sviðsetningadraumar urðu á svipstundu mögulegir.

Fyrstu leikmyndina fyrir Þjóðleikhúsið teiknaði Lothar á fyrri hluta 1952 fyrir ævintýrið um *Litla Kláus og Stóra Kláus* í leikstjórn Hildar Kalman. Sigurður Grímsson skrifaði lofsamlega um listræna nálgun Lothars í *Morgunblaðinu* 16. mars sama ár:

Hin snilldarlegu leiktjöld Lothars Grundts eiga og sinn mikla þátt í því hversu frábær er heildarsvipur sýningarinnar. Hefur honum af mikilli hugkvæmni og listfengi tekist að skapa þessu skemmtilega ævintýri hið rétta umhverfi. Er það, sem hann hefur þar lagt til málanna skáldskapur fyrir sig – ævintýri í litum og línunum.

Af teikningum Lothars að dæma töfraði hann fram heima sem sögðu oft skilið við raunveruleikann og gáfu ímyndunaraflinu lausan tauminn.



Litli Kláus og Stóri Kláus, Þjóðleikhúsið 1952. Myndin er ekki merkt sýningunni en litanotkunin virðist sú sama og á merktri mynd frá sama tímabili.

Íslenskir leikhúsaþorfendur voru óvanir slíkum efnistöðum og á næstu árum ögraði Lothar með leikmyndum sem urðu sífellt tilkomumeiri, flóknari og djarfari.

Eitt af stórvirkjum Lothars á þessum tíma var án alls efa óperan *Töfraflautan* eftir Mozart í leikstjórn Lárusar Pálssonar. Mikið lá við enda vildi íslenskt listafólk sýna og sanna að óperan ætti sér framtíð á landinu. Teikningarnar fyrir sýninguna sýna fjörugan og litríkan hugarheim listamannsins sem færði leikinn yfir til Egyptalands til forna og nostraði við skrautlegu búningana.



Töfraflautan, Þjóðleikhúsið 1956. Blái liturinn er ríkjandi í leikmyndinni. Þrepin og súlurnar tengja atriðin saman en umgjörðin breytist gífurlega á milli teikninga.

Leikrit, sem farið hefir sigurför um mörg lönd

Þjóðleikhúsið sýnir í kvöld í 4. sinn leikritið *Lokaðar dyr* eftir þýzka höfundinn Wolfgang Borchert, en hann var einn af þeim ungu rit höfundum, sem vöktu mesta athygli í Þýzkalandi eftir síðustu heimsstyrjöld. Var leikritið þá þegar tekið til sýningar í flestum stærstu leikhúsum Þýzkalands. Síðan hefir leikritið *Lokaðar dyr* verið sýnt víða um Evrópu, m. a. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Einn af leikurunum í kvikmyndinni *Sölku Völku*, Sven Magnusson, sem dvald ist hér s. l. sumar, lék hlutverk Beckmanns í *Lokuðum dyrum* í Stokkhólmi og hlaut leikritið þar einróma lof. Í Frakklandi, Austurríki og Sviss fékk leikurinn einnig mjög góða dóma, enda jafnan alls staðar álitinn mikill leiklistarviðburður. Leikritið *Lokaðar dyr* hefir enn fremur verið sýnt í Bandaríkjunum og víðar.

Umfjöllun í *Tímanum* um *Lokaðar dyr* þann 10. nóvember 1954.

Í Þjóðleikhúsinu vann Lothar náði með ljósameistararum Hallgrími Bachmann, samstarf þeirra náði mögulega hápunkti með *Gauksklukkunni* eftir Agnar Þórðarsson árið 1958. Í stað þess að breyta um leikmynd á milli atriða voru áherslubreytingar dregnar fram með ljósabreytingum, ein fyrsta íslenska leiksýningin til að nýta tæknina á þennan máta. En minna er vitað um aðrar sýningar eins og *Dagbók Önnu Frank* sem frumsýnd var á sama ári, þar sem ung Kristbjörg Kjeld heillaði áhorfendur í aðalhlutverkinu. Engar teikningar af leikmyndinni eru í safninu en umfjöllun birt í *Tímanum* 2. febrúar um sýninguna bendir til þess að Lothar hafi einfaldað tjöldin og sett meiri fókus á felustað Frank fjölskyldunnar.

Þrjár leiksýningar Lothars fyrir Þjóðleikhúsið á þessu tímabili er vert að skoða frekar, allar gjörólíkar en undirstrika allar listrænu hæfileika Lothars, hver á sinn hátt.

LOKAÐAR DYR

Einn af þeim, sem koma heim, en koma þó ekki heim, því að þeir eiga þar ekki lengur heima. Heimili þeirra er þarna fyrir utan lokaðar dyrnar. Þýzkaland þeirra er þarna fyrir utan, í regni næturinnar, á götunni. Það er þeirra Þýzkaland.

– *Lokaðar dyr* eftir Wolfgang Brochert, þýðandi Sverrir Thoroddsen.

Þann 18. september 1954 birtist eftirfarandi tilkynning í *Morgunblaðinu* um *Lokaðar dyr* eftir Wolfgang Brochert en leikritið átti að frumsýna í Þjóðleikhúsinu seinna um veturinn:

Er það fyrsta þýzka leikritið sem Þjóðleikhúsið sýnir ... Leikstjóri þessa leikrits verður Indriði Waage, en þýzkur maður, Lothar Grund, hefur verið fenginn til að annast leiktjöldin.

Fullur titill leikritsins er *Lokaðar dyr, leikrit sem ekkert leikhús vill sýna og engir áhorfendur vilja sjá*. Viku fyrir frumsýningu birtu bæði *Alþýðublaðið* og *Þjóðviljinn* ítarlega umfjöllun um Wolfgang Brochert, höfund verksins, og umfjöllunarefni leiksins. Frumútgáfa textans var skrifuð á aðeins átta dögum af sárþjáðum Brochert sem var heilsulútil eftir stríðið, veikindin drógu hann til dauða aðeins tuttuguogsex ára að aldri.



Sviðsteikning eftir Lothar fyrir *Lokaðar dyr*.




Teikning Lothars af Einfætta manningum sem leikinn var af Gesti Pálssyni.



Ljósmynd eftir Sigurhans Vigni úr sýningunni *Lokaðar dyr* í Þjóðleikhúsinu 1954. Frá vinstri: Helgi Skúlason, Kristín Anna Þórarinsdóttir (skráð Anna Stína Þórarinsdóttir í leikskrá), Þóra Borg, Haraldur Björnsson og Baldvin Halldórsson.

Lokaðar dyr fjallar um ungan þýskan hermann, Beckmann að nafni, sem snýr aftur til heimaborgar sinnar Hamborgar eftir stríð en ekkert tekur á móti honum nema lokaðar dyr og lokuð hjörtu samlanda. Lothar þekkti Hamborg vel og harmleik leikverksins á eigin skinni, bæði sögu-svið og sálarangist, bróðir hans hafði fallið í stríðinu en Lothar særst. Þessi myrku öfl birtast ljóslifandi í leikmynd og búningum sýningarinnar. Efnistöð Indriða, Hallgríms og Lothars voru expressjónísk, dimm og þung. Tómið virtist ætla að gleypa leiksviðið, líkt og aðalpersónuna.



Atriði úr fyrri hluta *Lokaðra dyra*. Beckmann stendur við fljótið, horfir yfir rústir Hamborgar og veltir fyrir sér framhaldinu. Eftirtektarvert er að sjá hvernig Lothar spilar með víddir leiksviðsins, hæð og dýpt.

Frumskýningin þann 30. október 1954 vakti hörð og ólík viðbrögð gagnrýnenda sem þó voru sammála um tvennt: Baldvin Halldórsson vann leiksigur í hlutverki Beckmanns og leiktjöld Lothars með afbrigðum góð. *Lokaðar dyr* var aðeins sýnd sjö sinnum fyrir 1.630 áhorfendur, þá væntanlega fyrir hálfþómu húsi í flest skipti þar sem salurinn tók ríflega 650 einstaklinga í sæti á þessum tíma.



Lokaðar dyr: Sviðsteikning af rústum Hamborgar. Hægt er að sjá nákvæmnisvinnu Lothars, hlutföll teikningarinnar miða við rúðustrikaðan grunn sem sést á teikningunni.

SPÁDÓMURINN

Morgunn lífsins.

Piltur og stúlka, bæði um tvítugt, hvilast á jörðinni milli svefnis og vöku. Þau vakna, rísa á fætur og horfast á í undrun og fögnuði. Í fyrstu leita þau orðanna.

– *Spádómurinn* eftir Tryggva Sveinbjörnsson.

Þjóðleikhúsið: Spádómurinn.

Spádómurinn, verðlaunaleikrit Tryggva Sveinbjörnssonar, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á fimmtudag. Fyrir leikrit þetta fékk höfundurinn fyrstu verðlaun, meðal ísl. höfundanna, í norrænu leikritasamkeppninni, sem fram fór 1955. Þjóðleikhúsið hefur áður sýnt leikrit eftir Tryggva Sveinbjörnsson, leikritið Jón Arason, sem er sterkt og áhrifamikið leikrit og er Tryggvi því vel þekktur hjá ísl. leikhúsgestum.

Spádómurinn er leikrit sem fjallar um hin eilífu vandamál í sambúð karla og kvenna, samskipti fjölskyldna, þjóða og þjóðasamsteypa. Leikritið er um margt nýstárlegt svo og sviðsetning þess og leiktjöld.

Umfjöllun um *Spádómurinn* í *Vísu* þann 2. október 1956.

Ekki farnaðist Þjóðleikhúsinu betur tveimur árum seinna þegar *Spádómurinn* eftir Tryggva Sveinbjörnsson var frumsýndur 4. október 1956. *Spádómurinn* fjallar um átök og örlög mannkynsins, frá upphafi til endaloka, og vann leikritið til verðlauna í norrænni leikritasamkeppni. Indriði hélt sem áður um stjórnartaumana í listrænu samstarfi við Lothar og Hallgrím. Í leikhópnum var ung leikkona sem Lothar hafði unnið með í Hafnarfirði, Margrét Guðmundsdóttir.

Spádómurinn vakti líka hörð viðbrögð leikhúsgagnrýnenda. Ritdeilur loguðu á blaðsíðum dagblaðanna um ágæti handritsins, listrænar útfærslur og ákvörðun Þjóðleikhússins að setja leikritið á svið. Pistlahöfundar sammæltust að mestu um listræn gæði leiktjaldanna:

Hugkvæmni, gott litaval, fallett handbragð og örugg formkennd einkenna leiktjöld hans, en þau eru hvorttveggja í senn, stílfærð og stílhrein ...

– Ásgeir Hjartarson, *Þjóðviljinn* 7. október 1956.

Sumir gengu svo langt að segja að leiktjöldin væru „það eina við þessa sýningu, sem nokkurs virði er“ eins og leikhúsgagnrýnandi, sem kallaði sig S.S., skrifaði í *Tímán* deginum áður.

Ef horft er til teikninga Lothars má sjá skýr stílbrigði sem taka mið af kjarna textans: Morgunroði í upphafi tímans sem lýkur í kolniðamyrkri Ragnaraka. Raunveruleikinn víkur fyrir táknmyndum og litbrigðum. En framúrstefnuleg leikmyndin dugði ekki til. Sýningatími *Spádómsins* var enn styttri en *Lokaðra dyra*. Leikritið var aðeins sýnt sex sinnum fyrir 1.205 áhorfendur.



Opnunaratriði *Spádómsins*. „Morgunn lífsins“ eins og segir í leiklýsingu. Þrepin eru miðpunktur leiksviðsins en í kringum þau reisa persónur verksins stóran vegg til að aðskilja sig frá ímynduðum óvinum. Eftir því sem líða tekur á verður leikmyndin myrkari í takt við textann.



Búningateikningar fyrir fyrsta þátt *Spádómsins*. Leikararnir voru líklegast í húðlituðum heilbúningum. Ragnhildur (Hildur Kalman), Björn (Benedikt Árnason), María (Herdís Þorvaldsdóttir) og Ólafur (Róbert Arnfinnsson) eru aðalpersónur verksins, tákmyndir fyrir ólíkar hliðar mannkynsins.

KYSSTU MIG KATA

Autt leiksvið í Ford-leikhúsinu í Baltimore. Það er júnímánuður og óvanalega heitt í veðri, jafnvel í Baltimore.

– *Kysstu mig Kata* eftir Bellu og Samuel Spewack,
þýðendur Egill Bjarnason og Júlíus Daníelsson.



Búningateikning fyrir *Kysstu mig Kata*. Myndin er merkt „Jón Sigurbjörnsson“ sem gefur til kynna að búningurinn sé fyrir Fred Graham / Petruccio. Í hægra horni stendur „1 hvítt trico [tricot] í milli og eitt rústrautt.“

Síðasta sýningin sem Lothar hannaði fyrir Þjóðleikhúsið, og jafnframt hans síðasta á Íslandi, var söngleikurinn *Kysstu mig Kata*, frumsýndur 29. maí 1958. Ekki voru allir ánægðir með ákvörðun Þjóðleikhússins að setja slíkt amerískt léttmeti á leiksvið, þessi afstaða til söngleikja átti eftir að viðhaldast langt fram eftir tuttugustu öldinni.

Augljóst er á magni teikninga tengdum söngleiknum að Lothar lagði mikla vinnu í söngleikinn sem gerist í Baltimore á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar og fjallar um leikhóp sem er að sviðsetja *Snegla tamin* eftir William Shakespeare. Um 30 teikningar tengdar *Kysstu mig Kata* eru varðveittar í safninu. Fjölskrúðugar búningateikningarnar, sem tengjast allar Shakespeare hluta söngleikjarins, innihalda ekki eingöngu hönnunarhugmyndir heldur eru oft merktar persónum og/eða leikendum og útlísta stundum efnisparfir fyrir búningana.

Leikmyndateikningarnar eru með þeim skrautlegustu og tæknilega flóknustu í safninu. Í þeim saumar Lothar saman heima Shakespeare og Broadway, baksviði leikhúsa, kastalaherbergi og húsasund. Tvær teikningar vekja þó sérstaka athygli þar sem Lothar reynir að fanga söng- og dansatriði söngleikjarins. Litríkar persónur dansa saman, annars vegar baksviðs í leikhúsi og hinsvegar í húsasundi. Báðar teikningar eru fullar af gleði þar sem leikhúsheiminum eru gerð góð skil, enda fjallar söngleikurinn um lífið innan leikhússins.

Ásgeir Hjartarson skrifaði eftirfarandi lof um *Kysstu mig Kata* í *Þjóðviljann* 1. júní sama ár:

Lothar Grund málaði leiktjöld og teiknaði búninga og verður framlag hans vart of hátt metið, mikið verk og vel unnið. Fallegast er útisviðið í Padúa og myndi hvarvetna sóma Shakespeareleik, en lýsing hans á leikhúsinu að tjaldabaki er ekki síður hnitmiðuð og athyglisverð og á ríkan þátt í að skapa sterkan hugarblæ, rétt andrúmsloft. Það kom ekki sízt í ljós í upphafi annars þát[ar], það er kæfandi hiti í lofti, leikendur híma

aðframkomnir að baki sviðsins, en fara allt í einu að syngja og dansa – það er aldrei of heitt til að stíga sporið! Búningarnir eru undantekningarlaust fallegir, – mjög fjölbreyttir og skrautlegir og auðsæilega ekkert sparað til neins.

Kysstu mig Kata gekk öllu betur en *Lokaðar dyr* og *Spádómurinn*, sýnd tuttugu- og tvisvar sinnum fyrir 11.766 áhorfendur.



Sviðsteikningar fyrir *Kysstu mig Kata*. Forvitnilegt er að sjá hvernig Lothar skiptir upp sviðinu í fyrri myndinni. Tvö mjög ólík búningsherbergi, þetta til hægri er líklegast fyrir aðalleikkonuna. Seinni myndin er full af lífi, væntanlega eitt af söng- og dansatriðum sýningarinnar. Áhugavert er að sjá hvernig Lothar rammur húsasundið inn með leiktjöldum.



ÁHRIF LOTHARS GRUND Á ÍSLENSKA LEIKMYNDAHÖNNUN


Lothar Grund er í öllu maður nútímans og kemur hér fram sem þroskaður og skapandi listamaður.

– Ásgeir Hjartarson, *Þjóðviljinn* 7. október 1956.

Á einungis átta árum kom Lothar Grund að ríflega fimmtíu leiksýningum og skrifaði sig á spjöld íslenskrar leikhússögu. Ef litið er til ársins 1954 þá vann Lothar að tíu leiksýningum þar á meðal *Lokuðum dyrum*, sem var gífurlega flókin bæði í framkvæmd og væntanlega tilfinningalega.

Eftir að heilsa Lothars fór að gefa sig á seinni árum talaði hann meira um upplifanir sínar á stríðstímanum og áhrif þeirra. Í minningargrein sinni um Lothar, sem birtist í *Morgunblaðinu* 26. nóvember 1995, skrifar Gestur Guðmundsson:

Hann sagði m.a. frá því hvernig hann og bróðir hans gerðu sér upp veikindi til að komast hjá fundum í Hitlersæskunni en lágu heima undir sæng og bjuggu til brúður. Síðar dugði enginn leikaraskapur og bræðurnir voru báðir kallaðir í herþjónustu. Bróðir Lothars féll á austurvígstöðvunum, en Lothar særðist og var látinn til eldhússtarfa. Þannig komst hann hjá því að verða fallbyssufóður, en heimkoman að loknu stríði var ekki óblandinn fagnaðarfundur, því fjölskyldan hafði ekki einungis misst annan soninn heldur líka hús sitt og allar eigur í loftárásum bandamanna.



Þessi skissa er ekki af leikmynd heldur uppkast að skreytingum fyrir Þjóðleikhúsið en sex myndir eftir Lothar má ennþá finna í leikhúsinu. Tvær þeirra má nú sjá á sýningunni, þar á meðal lokaútgáfuna af þessari mynd.

Afköstin og eljan fá stærra samhengi þegar tekið er með í reikninginn að Lothar starfaði samhliða leikhúsvinnunni sem auglýsingateiknari og innanhússarkitekt, en hann helgaði sig innanhússarkitektúr seinna á lífsleiðinni. Þekktasta verkefni hans á því sviði á Íslandi er líklegast skreytingarnar sem hann gerði fyrir Grillið á Hótel Sögu. Þessar teikningar er að finna í Hönnunarsafni Íslands, þar sem sá angi ævistarfs Lothars er varðveittur. Einnig hannaði hann skreytingar fyrir Þjóðleikhúskjallarann. Fjallað er um verkefnið í *Mánudagsblaðinu* 25. apríl 1955:

Er þar þessi einkar smekklegur og tekur öðrum slíkum fram. Sá, sem teiknaði barinn, er hinn kunnir listamaður Lothar Grund, og á hann mikið lof skilið fyrir snilli sína.

Áhrif Lothars á íslenskt leikhús er ómögulegt að mæla en efnistöð, fagurfræði og hugmyndaauðgi gefa til kynna að koma hans og störf hér á landi báru með sér nýja listræna strauma. Hann var jafnvel að sér sem listamaður í ævintýraheimum og stofudrama, fantasíu og raunsæi. Sömleiðis nýtti hann leikhústækni eins og hringsviðið í Þjóðleikhúsinu til að finna nýjar listrænar víddir. Þannig gaf hann íslensku listafólki og leikhúsáhorfendum ferska sýn á möguleika leikhússins og mikilvægi hönnunar.



Skráning á verkum Lothars stendur ennþá yfir. Flestar teikningarnar er hægt að tengja við ákveðnar leiksýningar eða verkefni með því að notast við merkingar, tíma eða fagurfræði. En sumar eins og þessi eru ennþá ráðgáta.

LOTHAR GRUND – LISTI YFIR SÝNINGAR Á ÍSLANDI



Búningateikning fyrir *Rekkjuna* í Þjóðleikhúsinu 1952.



Búningateikning fyrir *Tunglið, tunglið taktu mig*, revíu sem var sýnd í Sjálfstæðishúsinu 1958 og var næstsíðasta leiksýning Lothars á Íslandi.

1951

Heilög Jóhanna – Þjóðleikhúsið

Nóttin langa – Leikfélag Hafnarfjarðar

Rigoletto – Þjóðleikhúsið

Aumingja Hanna – Leikfélag Hafnarfjarðar

Pi-Pa-Ki eða Söngur Lútnnar

– Leikfélag Reykjavíkur

Gimbill – Leikfélag Reykjavíkur

Erfinginn – Leikfélag Reykjavíkur

Lokaðar dyr – Þjóðleikhúsið

Dimmalimm – Þjóðleikhúsið

Meyjaskemman – Þjóðleikhúsið

Ást við aðra sýn – Leikfélag Hafnarfjarðar

1952

Litli Kláus og Stóri Kláus – Þjóðleikhúsið

Pess vegna skiljum við – Þjóðleikhúsið

Allra sálna messa – Leikfélag Hafnarfjarðar

Miðillinn – Leikfélag Reykjavíkur

Rekkjan – Þjóðleikhúsið

Ráðskona Bakkabræðra

– Leikfélag Hafnarfjarðar

Ævintýri á gönguför – Leikfélag Reykjavíkur

1955

Nói – Leikfélag Reykjavíkur

Töfrabrunnurinn – Leikfélag Hafnarfjarðar

Kvennamál kölska – Leikfélag Reykjavíkur

Inn og út um gluggann – Leikfélag Reykjavíkur

La Bohème – Félag íslenzkra einsöngvara

Töframaðurinn – Leikhús Heimdallar

Eitthvað fyrir alla – Íslenzkir tónar

1953

Góðir eiginmenn sofa heima

– Leikfélag Reykjavíkur

Vesalingarnir – Leikfélag Reykjavíkur

Skírn, sem segir sex

– Leikfélag Hafnarfjarðar

Hvílík fjölskylda – Leikfélag Hafnarfjarðar

Undir heillastjörnu – Leikfélag Reykjavíkur

Skóli fyrir skattgreiðendur

– Leikfélag Reykjavíkur

Fjalla-Eyvindur – Leikfélag Hveragerðis

Hrekkir Scapins – Leikfélag Akraness

1956

Djúpið blátt – Þjóðleikhúsið

Spádómurinn – Þjóðleikhúsið

Töfraflautan – Þjóðleikhúsið

1957

Svefnlausí brúðguminn

– Leikfélag Hafnarfjarðar

Brosið dularfulla – Þjóðleikhúsið

Gullöldin okkar – Sjálfstæðishúsið

Syngjandi páskar – Félag íslenzkra einsöngvara

Kirsuberjagarðurinn – Þjóðleikhúsið

Úlla Winblad – Þjóðleikhúsið

1954

Mýs og menn – Leikfélag Reykjavíkur

Hans og Gréta – Leikfélag Hafnarfjarðar

/ Leikfélag Akureyrar

Hviklynda konan – Leikfélag Reykjavíkur

Frænka Charleys – Leikfélag Reykjavíkur

1958

Afbryðisöm eiginkona – Leikfélag Hafnarfjarðar

Dagbók Önnu Frank – Þjóðleikhúsið

Gauksklukkan – Þjóðleikhúsið

Tunglið, tunglið taktu mig – Sjálfstæðishúsið

Kysstu mig Kata – Þjóðleikhúsið

LOTHAR GRUND – ENGLISH SUMMARY

Lothar Grund was born in Schwering, Germany, on October 22nd, 1923. In 1950 he moved to Iceland in search of new opportunities. Shortly after that he met actress Anna Þorbjörg Halldórsdóttir. They married on July 25th, 1952, and had three sons: Pétur Adolf Garðar, Atli Halldór og Alfreð. The family moved to Germany at the end of the 1950s and settled in Hamburg. Lothar died on November 15th, 1995.

From 1951 to 1958 Lothar worked on more than fifty theatrical productions in Iceland. They were of all shapes and sizes, for various theatre companies, both amateur and professional. His ambition, experience and artistry had unmeasured influence on Icelandic scenography and costume design.

Lothar's private archive (LMÍ 2022/6) spanning his work period within the Icelandic performing arts is preserved at the Theatre Museum of Iceland. The collection contains more than three hundred stage and costume designs. The collection also includes several drawings and paper figurines for Richard Wagner's *Das Rheingold*, a project never realised in Iceland.

In celebration of his centenary the National and University Library of Iceland and the Theatre Museum are exhibiting a selection of his drawings, placing them in context of Icelandic performing arts during the 1950s. Three performances staged at the National Theatre of Iceland will be given special attention being some of his most extraordinary work, despite being vastly different and met with very differing reactions from audiences and theatre critics alike.

LOTHAR GRUND – DEUTSCHE ZUSAMMENFASSUNG


Lothar Grund wurde am 22. Oktober 1923 in Schwering, Deutschland, geboren. Im Jahr 1950 zog er auf der Suche nach neuen Möglichkeiten nach Island. Kurze Zeit später lernte er die Schauspielerin Anna Þorbjörg Halldórsdóttir kennen. Sie heirateten am 25. Juli 1952 und bekamen drei Söhne: Pétur Adolf Garðar, Atla Halldór und Alfreð. Die Familie zog Ende der 1950er Jahre nach Deutschland und ließ sich in Hamburg nieder. Lothar starb am 15. November 1995.

Von 1951 bis 1958 arbeitete Lothar an mehr als fünfzig Theaterproduktionen in Island. Es gab sie in allen Formen und Größen, für verschiedene Theatergruppen, sowohl für Amateure als auch für Profis. Sein Ehrgeiz, seine Erfahrung und seine Kunstfertigkeit hatten einen unermesslichen Einfluss auf die isländische Bühnen- und Kostümgestaltung.

Im Theatermuseum von Island wird Lothars Privatarchiv (LMÍ 2022/6) aufbewahrt, das seine Tätigkeit in der isländischen Schauspielkunst umfasst. Die Sammlung enthält mehr als dreihundert Bühnen- und Kostümentwürfe, dreihundertfünfzig Einzelstücke und über vierhundert einzigartige Zeichnungen, wenn man seine Ausschnitte für Richard Wagners *Das Rheingold* mitzählt.

Anlässlich seines hundertsten Geburtstages stellen die isländische National- und Universitätsbibliothek und das Theatermuseum eine Auswahl seiner Zeichnungen aus und ordnen sie in den Kontext der isländischen darstellenden Künste der 1950er Jahre ein. Drei Aufführungen des isländischen Nationaltheaters werden besonders berücksichtigt, da sie zu seinen außergewöhnlichsten Werken gehören, obwohl sie ausgesprochen verschieden sind und von Publikum und Kritikern sehr unterschiedlich aufgenommen wurden.



 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn


LEIKMINJASAFN ÍSLANDS